

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024.

Í 20. grein er lagt til að sóknargjöld verði 1.107 kr. - lækkun upp á 85 kr. miðað við fyrra. Vantrú fagnar þessari lækkun.


Síðastliðin fjögur ár hefur upphæð sóknargjalda verið hækkuð í meðferð þingsins, sbr eftirfarandi töflu:

Fjárlög árs	Í frumvarpi	Í lögum	Hækkun
2023	1.055	1.192	137 - 13,0%
2022	985	1.107	122 - 12,4%
2021	980	1.080	102 - 10,2%
2020	930	975	45 - 4,8%

Á þessum fjórum árum hækkaði upphæð sóknargjalda um 29% (úr 925 árið 2019 í 1.192 árið 2023). Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar hefur ítrekað verið gert ráð fyrir því að dregið yrði úr útgjöldum í þessum málaflokki. Þessar hækkanir hafa gengið þvert á það markmið. Það er algerlega réttlætanlegt að taka þessar hækkanir, sem áttu að vera tímabundnar, til baka að einhverju leyti eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Auk þess viljum við benda á að raungildi sóknargjalda samkvæmt þessu frumvarpi er svipað því sem var árið 1988, þegar núverandi sóknargjaldakerfi var fyrst innleitt, samanber eftirfarandi súlurit:

Raunvirði sóknargjalda 1988-2024 í kr.



Í ljósi [ummæla](#) fjármálaráðherra í fyrstu umræðu þessa máls - um að það sé "orðið tímabært að við förum ofan í lögin og tókum almenna umræðu" í stað þess að vera að ákveða upphæðina ár eftir ár þá viljum við taka fram að Vantrú er almennt á móti sóknargjaldakerfinu og telur að réttast væri að afnema þessi framlög úr ríkissjóði alfarið. Á móti væri hægt að lækka tekjuskatt eða hækka persónuafslátt svo að breytingin hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs og svo að þeir sem vilja styrkja trúfélög geti það.

Við hvetjum nefndarmenn til að skoða hvort ekki megi stefna á að taka þetta kerfi til víðtækari endurskoðunar og til dæmis lækka upphæð sóknargjaldsins verulega í skrefum og hækka um leið persónuafslátt eða lækka tekjuskatt. Eða að einfaldlega breyta þessum framlögum í valkvæðan nefskatt.

Fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson